

82 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Kvikmynda- og hljómleikahúsið  
24. maí Bíóhöllina á Akranesi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráð-  
herra 24. maí 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir kvikmynda- og hljómleikahúsið Bíóhöllina á Akranesi.

### 1. gr.

Við undirrituð hjón höfum með bréfi, dags. 28. september 1943, gefið Akranes-  
kaupstað kvikmynda- og hljómleikahúsið Bíóhöllina við Vesturgötu nr. 29 á Akra-  
nesi með gangstéttum umhverfis og tilheyrandi lóð, 770 fermetrum að stærð, ásamt  
sýningarvélum og öllum útbúnaði innan húss, eins og þetta var í byrjun október-  
mánaðar 1943, skuldlaust.

Tilgangur okkar með gjöf þessari er samkvæmt gjafabréfinu, að styðja mann-  
úðar- og menningarmál innan Akraneskaupstaðar, og skal öllum arði af rekstri Bíó-  
hallarinnar varið í því skyni.

Fer um stjórn Bíóhallarinnar og rekstrartekjur samkvæmt því, er nánar segir  
í 2.--6. gr. skipulagsskrár þessarar.

### 2. gr.

Stjórn Bíóhallarinnar skipa fimm menn:

Við hjónin og Sturlaugur sonur okkar, meðan við erum á lífi, sóknarprestur  
Akraneskirkju eða -safnaðar og bæjarstjóri Akraneskaupstaðar.

Eftir andlát okkar taka þrír nánustu afkomendur okkar eða makar þeirra sæti  
í stjórninni, þó skulu þeir afkomendur okkar, sem heima eiga á Akranesi, ganga  
fyrir um sæti í stjórninni. Á meðan annað hvort okkar er á lífi áskiljum við okkur  
að ráða því sjálf, hver vandamanna okkar tekur sæti í stjórninni með okkur.

Ef fleiri en þrír jafnánir afkomendur okkar eiga heima í Akraneskaupstað,  
taka þeir þrír menn sæti í stjórn, sem tilnefndir eru af afkomendum okkar innan  
kaupstaðarins. Nú verða atkvæði jöfn við tilnefningu og ræður þá hlutkesti.

Nú eiga færri en þrír afkomendur okkar eða makar þeirra heima á Akranesi  
og skulu þá stjórnarnefndarmenn boða til fundar með þeim afkomendum okkar,  
sem til næst, með opinberri auglýsingu, er birt sé með hæfilegum fyrirvara, og til-  
nefna þeir þá menn, er til vantar í stjórnina af sinni hálfu. Skulu þeir afkomendur  
okkar, sem heima eiga í Borgarfjarðarsýslu, Reykjavík, Hafnarfirði eða nánasta ná-  
grenni þeirra kaupstaða, ganga fyrir þeim, sem fjær búa. Verði atkvæði jöfn við til-  
nefningu þessa ræður hlutkesti.

Nú koma eigi a. m. k. þrír afkomendur okkar á fund þenna og skal þá á sauva  
hátt boða til fundar með öllum afkomendum foreldra okkar til þess að ráða stjórnar-  
kjöri til lykta. Skulu og afkomendur systkina okkar ganga fyrir öðrum til stjórnar-  
kjörs að afkomendum okkar frágengnum.

Fari svo að stjórn Bíóhallarinnar verði ekki fullskipuð á þann hátt, sem að  
framan greinir, felum við dómsmálaráðuneytinu að tilnefna þann eða þá stjórn-  
endur, sem á vantar fulla tölu, eins og að framan greinir.

Enginn getur tekið eða átt sæti í stjórninni né heldur tekið þátt í stjórnarkjöri,  
nema hann sé lögráður.

## 3. gr.

82

24. maí

Stjórn Bióhallarinnar kýs sér formann og ritara úr sínum hópi. Formaður kveður til stjórnarfunda þegar honum þykir ástæða til. Á fundum ræður afl atkvæða.

## 4. gr.

Stjórn Bióhallarinnar hefur yfirstjórn á rekstri hennar. Hún ræður framkvæmdarstjóra og segir honum upp starfi, ef því yrði að skipta.

Stjórnin ræður ein öllum málefnum Bióhallarinnar innan þeirra takmarka, sem sett eru í skipulagsskrá þessari.

Ef hún telur brýna nauðsyn bera til, er henni heimilt að selja Bióhöllina eða veðsetja hana, en þó aðeins að fengnu samþykki bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar. Nú kann svo að fara, að Bióhöllin verði seld og skal þá, ef unnt er, fá í staðinn og starfrækja annað hús hagkvæmara, í sama tilgangi og Bióhöllin var starfrækt. Sé það ekki unnt, skal verja söluandvirðinu til mannúðar- og menningarmála á Akranesi samkvæmt því, sem segir í 6. gr., t. d. með því að stofna sjóð í þessu skyni.

## 5. gr.

Reikningsár Bióhallarinnar er almanaksárið. Skal stjórnin hafa lokið við reikninga hvers árs fyrir lok janúarmánaðar næsta ár og afhent þá til endurskoðunar.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar kýs tvo endurskoðendur reikninga Bióhallarinnar.

Bióhöllin greiðir ekki útsvar né sætagjald, eða neina aðra skatta til bæjar-sjóðs, sbr. gjafabréf okkar og svarbréf bæjarstjórnarinnar á Akranesi, dags. 29. september 1943.

## 6. gr.

Tekjuafgangi af rekstri Bióhallarinnar skal, að frádregnum viðhalds- og umbótakostnaði, verja til stuðnings mannúðar- og menningarmálefnum á Akranesi, svo sem til þess að styðja að byggingu gamalmennahælis og sjúkrahúss fyrir kaupstaðinn og til kaupa á hjúkrunar- og lækningatækjum og öðrum útbúnaði til stofnana þessara, svo og til styrktar rekstri þeirra, þegar þau eru komin á fót.

## 7. gr.

Sjóð þann, sem fyrir hendi er á hverjum tíma, skal stjórnin geyma og ávaxta á sem tryggilegastan hátt og þannig, að til hans megi grípa með litlum fyrirvara til styrktar þeim málefnum, sem um ræðir í 6. gr. Skal meginhluti sjóðsins að jafnaði geymdur í banka eða öruggum sparisjóði, en heimilt er stjórninni að ávaxta þann hluta hans, sem ekki er líklegt að grípa þurfi til í náinni framtíð, með kaupum á tryggum opinberum verðbréfum. Hins vegar er óheimilt að veita einstaklingum eða félögum lán úr sjóðnum.

## 8. gr.

Við undirrituð hjón áskiljum okkur rétt til þess að gera breytingar á skipulagsskrá þessari, þó þannig, að ekki sé vikið frá þeim tilgangi okkar, sem greindur er hér að framan. Því okkar, sem lengur lifir, skal og heimilt með sama skilyrði að breyta skipulagsskrá þessari, en að okkur báðum látnum, er óheimilt að breyta henni á nokkurn hátt.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra eða forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og breytingum þeim, er síðar kunna á henni að verða.

Akranesi, 15. apríl 1944.

Haraldur Böðvarsson.

Ingunn Sveinsdóttir.